



T-404-LOKA

LOKAVERKEFNI

6 ECTS

<b>Ár:</b>	4. ár.
<b>Önn:</b>	Vorönn.
<b>Stig námskeiðs:</b>	2. Grunnám, framhaldsnámskeið.
<b>Tegund námskeiðs:</b>	Skyldunámskeið fyrir allar 5-ára námsbrautir í Verkfræði MSc með tölvunarfræði BSc.
<b>Undanfarar:</b>	Greining og hönnun hugbúnaðar (T-216-GHOH), Verklegt námskeið II (T-220-VLN2), Hugbúnaðarfræði (T-303-HUGB).
<b>Skipulag:</b>	Upplýsingar verða birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi annar.
<b>Umsjónarkennari:</b>	Hallgrímur Arnalds.

#### Lærdómsviðmið:

- Kynna vinnu sína fyrir ólíkum áhorfendum, það er með tæknilegan bakgrunn og án tæknilegs bakgrunns.
- Hafi reynslu af að vinna meðalstórt hugbúnaðarverkefni í hópavinnu.
- Sé fær um að nota útgáfustjórnunarkerfi í hugbúnaðarþróun.
- Skipuleggi hóp og áætlun, og vinni samkvæmt henni við gerð hugbúnaðarkerfis.
- Hafi öðlast hagnýta þjálfun í verkefnisstjórn.
  
- Hanni, greini og útfæri hugbúnaðarkerfi. Velji og rökstyðji val á viðurkenndri aðferð við þróun hugbúnaðar.
- Skilgreini og framkvæmi notenda-, eininga- og kerfisprófanir.
- Sé fær um að greina þarfir notenda og útfæra í hugbúnaði.
- Geti á hvaða tíma sem er gert grein fyrir stöðu verkefnis, hvað er búið að framkvæma, hvað á eftir að framkvæma og stöðu verkefnis miðað við tímaáætlun.

#### Lýsing:

Verkefnið felst í þróun á raunhæfu hugbúnaðarverkefni í samvinnu við samstarfsaðila skólans og væntanlega notendur. Lokaverkefni skal vinna í 2-4 nemenda hópum undir leiðsögn verkefniskennara. Nemendur skrifa greinargóða verkefnisskýrslu og handbækur sem þeir leggja fram með hugbúnaðinum. Lokaverkefni er metið af verkefniskennara og tveimur prófdómurum frá HR. Matið er byggt á ofangreindum þáttum og er framkvæmt í nokkrum þrepum meðan nemendur vinna að verkefninu. Verkefnisvinnunni lýkur formlega með opinni kynningu í skólanum. Athugið: Til að geta skráð sig í lokaverkefni verða nemendur að vera búnir með að lágmarki 78 ECTS einingar af námskeiðum úr námsbraut í tölvunarfræði.

**Lesefni, kennsluáðferðir, námsmat:** Upplýsingar verða birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi annar.

**Tungumál:** Íslenska.